

Orka heimilanna  
Mánagötu 11  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2022  
Tilvísun: OS2022010038/10.4

## **Efni: Kvörtun verðlagning á raforku frá sölufyrirtæki raforku til þrautavara**

Orkustofnun barst kvörtun þann 3. janúar 2022 þar sem kvartað var undan því að fyrirtækið N1 Rafmagn ehf. hefði sem sölufyrirtæki raforku til þrautavara, rukkaði notendur á hærra verði fyrir raforku sem seld er viðskiptavinum sem fyrirtækið hefur fengið til sín sem sölufyrirtæki raforku til þrautavara, heldur en verðið sem fyrirtækið rukkar almenna viðskiptavini.<sup>1</sup>

### **Málsatvik**

Í kvörtun kvartanda er rakið að Orkustofnun velji sölufyrirtæki raforku til þrautavara, sem í þessu tilviki er fyrirtækið N1 Rafmagn ehf. Kvartandi vísar til þess að valið sé gert á á grundvelli reglugerðar nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar og svo leiðbeiningar um val á sölufyrirtæki til þrautavara sem Orkustofnun hefur sett.

Kvartandi bendir á að N1 Rafmagn ehf. auglýsi að almennt verð á raforku sé kr. 6,44/kWh en að viðskiptavinir sem komi í viðskipti við fyrirtækið eftir að hafa lent hjá sölufyrirtæki raforku til þrautavara séu rukkaðir um kr. 10,85/kWh.

Að mati kvartanda gerði N1 Rafmagn ehf. viðskiptavinum sínum sem komu í viðskipti við fyrirtækið „hvergi eða að minnsta kosti ekki augljóslega“ grein fyrir því að þeir væru að greiða hærra verð í þeim viðskiptum samanborið við auglýst verð upp á kr. 6,44/kWh. Auk þess bendir kvartandi á að þótt ekki megi í reglugerðinni eða leiðbeiningunum finna að verð til viðskiptavina sem koma í viðskipti við fyrirtæki eigi að vera í samræmi við það verð sem val á sölufyrirtæki til þrautavara er miðað við, sé heldur engin heimild tiltekin um að heimilt sé að rukka þessa viðskiptavini um hærra verð en almennt verð.

Í kjölfar þessarar kvörtunar bárust Orkustofnun kvartanir frá fleiri einstaklingum og fyrirtækjum, sem eru efnislega samhljóða kvörtuninni sem að ofan greinir. Af því tilefni er ákvörðun Orkustofnunar varðandi þær kvartanir samhljóða ákvörðuninni sem tekin er í þessari kvörtun.

Orkustofnun vekur athygli á því að stofnunin telur hugsanlegt að hluti af kvörtun kvartanda heyri undir eftirlitshlutverk Neytendastofu. Í samræmi við 7. gr. stjórnarsýslulaga um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda þar sem fram kemur í 2. mgr. ákvæðisins að berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, ber því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er” sendi Orkustofnun Neytendastofu erindi þess efnis (fylgiskjal 1) dags. 21. janúar 2022.

---

<sup>1</sup> Starfsemin var áður rekin undir nafni Íslenskrar orkumiðlunar

## Málsmeðferð Orkustofnunar

Orkustofnun sendi N1 Rafmagni ehf. fyrirspurn vegna kvörtunar kvartanda þann 3. janúar 2022 um verðlagningu á raforku fyrirtækisins sem raforkusala til þrautavara. Í fyrirspurninni var óskað eftir tilteknum upplýsingum frá N1 Rafmagni ehf. en jafnframt afstöðu fyrirtækisins til kvörtunarinnar. N1 svaraði fyrirspurn Orkustofnunar þann 14. janúar 2022. Kemur fram í svari N1 að fyrirtækið sjái ekki á hvaða grundvelli kærandi telji að einhver tiltekin brot hafi átt sér stað og því eigi N1 erfitt með að svara kærinni með afdráttarlausum hætti. Spurningar Orkustofnunar og svör frá N1 voru svohljóðandi:

1. Frá hvaða tíma hafa viðskiptavinir sem settir hafa verið í viðskipti eftir þrautavaraleið verið rúkkaðir um annað verð en birt verð fyrirtækisins til almennra notenda?

*Frá 1. mars 2021*

2. *Hver eru rökkin fyrir því að viðskiptavinir sem settir hafa verið í viðskipti eftir þrautavaraleið við fyrirtækið, eru rúkkaðir um annað verð en birt raforkuverð skv. heimasíðu fyrirtækisins?*

*Stuttu eftir að N1 var valinn söluaðili til þrautavara frá 1. júní 2020 kom í ljós að erfitt var að gera ráð fyrir viðskiptum einstaklinga og fyrirtækja sem komu í gegnum þrautavaraleið við innkaup. Leiddi það til þess að N1 þurfti að jafnaði að kaupa fyrir þessa einstaklinga á skammtímamarkaði og jafnvel jöfnunarmarkaði. Þeir viðskiptavinir sem koma inn í gegnum þrautavaraleið nota mismikla orku og oft er um að ræða aðila með töluvert meiri notkun en áætlað meðaltal segir til um (þ.e. 4.500 kWst á ári). Félagið hefur því þurft að kaupa orku á skammtímamarkaði og því rúkkað þrautarvaraviðskiptavini eftir þeim verðum. Til viðbótar er rétt að fram komi að verð hafa hækkað töluvert á skammtímamarkaði og hafa verð N1 breyst í takt við þær breytingar.*

3. *Samkvæmt skilningu Orkustofnunar geta viðskiptavinir sem settir hafa verið í viðskipti eftir þrautavaraleið fengið að greiða birt verð, geri þeir samning við fyrirtækið, hver er ástæðan fyrir því?*

*Þegar einstaklingur skráir sig í viðskipti við N1 og samþykkir að stofna til viðskiptasambands við félagið getur N1 fengið ítarlegri gögn um notkun viðkomandi viðskiptavinar. Er það forsenda þess að hægt sé að kaupa inn raforku með hagstæðum hætti. N1 hvetur almennt viðskiptavini sína til þess að skrá sig í viðskipti við félagið svo tryggja megi þeim sem hagstæðust kjör og ýta undir samkeppni á raforkumarkaði. Þegar um er að ræða stærri viðskiptavini er enn mikilvægara en ella að hægt sé að gera við þá sérstakan samning þar sem þá má skipuleggja innkaup félagsins betur.*

*NI áréttar að það sé réttur skilningur Orkustofnunar að viðskiptavinir geti skráð sig í viðskipti og þá greitt skv. birtri gjaldskrá. NI segir einnig að þar sem fyrirtækið hafi ekki fullnægjandi upplýsingar um viðskiptavinum sem koma í gegnum þrautavaraleið hefur það komið á daginn að það er ómögulegt að selja þeim viðskiptavinum rafmagn á lægsta verði án þess að selja rafmagn til þeirra með tapi.*

*Í athugasemd NI Rafmagns ehf. kemur fram að einu kvaðirnar sem fylgja því að sölufyrirtæki sé valið sem raforkusali til þrautavara séu að fyrirtækinu sé skylt að afhenda almennum notendum raforku skv. reglugerð nr. 1150/2019 og nefndum leiðbeiningum Orkustofnunar. Því félagi sem er útnefnt er ekki skylt að bjóða einhver tiltekin verð og það verði með engu mótið ráðið af leiðbeiningum Orkustofnunar eða reglugerð nr. 1150/2019 að svo sé. Einnig kemur fram í athugasemd NI Rafmagns ehf. að málið varði mun á kaupum á raforku til skamms tíma og lengri tíma. Ekki sé hægt að kaupa raforku til skemmri tíma en eins mánaðar, slíkt sé ómögulegt vegna vöruframboðs Landsvirkjunar en slíkar pantanir þurfi að senda fyrir 20. dag hvers mánuðar fyrir mánuðinn þar á eftir. Um mun dýrari raforku sé þar að ræða en þegar raforka er keypt á grundvelli lengri samninga. Þar sem notkun þrautavaraviðskiptavina sé oft óþekkt komu því upp sú staða að NI þurfi að kaupa dýrari orku fyrir þá viðskiptavinum. Telji NI að ekki sé lagaheimild til að skylda sölufyrirtæki raforku til að selja raforku með tapi. Gangi það gegn viðurkenndum sjónarmiðum um vernd atvinnu- og eignaréttinda en þar að auki sé ekki mælt um slíkt í raforkulögum né öðrum réttarheimildum.*

*Að lokum bendir NI á að félagið hafi farið í einu og öllu að þeim reglum sem gilda um starfsemi félagsins. Mikill fjöldi viðskiptavina hafi flust til NI sem hefur leitt til þess að innkaup NI á raforku hafi orðið óhagstæðari en ella og hefur félagið brugðist við því með þeim hætti að þeir viðskiptavinir sem berast félaginu í gegnum þrautavaraleið njóta ekki kjara skv. auglýstri gjaldskrá nema þeir stofni til viðskiptasambands við NI.*

Á meðan á vinnslu málsins stóð, birti úrskurðarnefnd raforkumála úrskurð vegna tveggja kæra Orkusölnnar ehf. á ákvörðunum Orkustofnunar um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara. Fengu málin númerin 5/2021 og 9/2021. Niðurstaða nefndarinnar er að val Orkustofnunar á sölufyrirtæki raforku til þrautavara, sem teknar voru þann 31. mars 2021 og þann 1. október 2021 skyldu felldar úr gildi.

### **Forsendur og niðurstaða**

Í rökstuðningi úrskurðarnefndarinnar raforkumála í málum nr. 5/2021 og 9/2021 kemur fram að leiðbeiningar Orkustofnunar um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara hafi verið byggðar á reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar. Úrskurðarnefndin tekur til að reglugerðin hafi verið sett með stoð í 3. mgr. 20 gr. raforkulaga nr.65/2003, þar sem vald sé framselt til ráðherra til að setja nánari reglur um ýmis atriði sem snúa að raforkuviðskiptum, en ekki sé fjallað um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara í málsgreininni. Að mati nefndarinnar sé ekki hægt að setja þann skilning í 3. mgr. 20 gr. raforkulaga að í henni felist heimild eða skylda til að kveða á um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara. Í samræmi við lögmætisregluna, skorti því fullnægjandi lagastoð fyrir því reglugerðarákvæði

sem kveður á um val á sölufyrirtæki raforku til þrautavara og því beri að fella ákvörðunina um valið niður.

Í 3. mgr. 20 gr. raforkulaga kemur orðrétt fram að í reglugerð skuli ráðherra „mæla fyrir um hvernig mælingum og uppgjöri milli vinnslu-, flutnings-, dreifi- og sölufyrirtækja skuli háttað, hvernig staðið skuli að uppgjöri þegar skipt er um raforkusala, hvernig staðið skuli að lokunum fyrir orkuafhendingu, upplýsingar sem birta skal með reikningum og önnur samskipti dreifiveitna, sölufyrirtækja og notenda.“

Í ljósi úrskurðar úrskurðarnefndar raforkumála þann 17. febrúar 2022 þar sem ákvarðanir Orkustofnunar frá 31. mars og 1. október voru felldar úr gildi er það ákvörðun Orkustofnunar að vísa frá kvörtun um verðlagningu N1 Rafmagns ehf., aðallega á þeim grundvelli að háttsemi fyrirtækisins fór fram innan skipulags sem stjórnvöld settu með reglugerð en skorti lagastoð til að setja. Það liggur því fyrir, að Orkustofnun getur ekki tekið ákvarðanir um einstaka þætti sem féllu innan þess skipulags sem ekki stóðst lög, enda væru slíkar ákvarðanir jafn ólögmatar og aðrar ákvarðanir sem varða málið.

### Ákvörðunarorð

Kvörtun um verðlagningu N1 Rafmagns ehf. á raforku sem seld var í þrautavaraviðskiptum, er vísað frá á grundvelli þess að ákvarðanir Orkustofnunar frá 31. mars og 1. október 2021 um val á sölufyrirtæki til þrautavara voru felldar úr gildi af úrskurðarnefnd raforkumála vegna skorts á lagastoð fyrir töku þeirra ákvarðana.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30 gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Orkustofnunar.

F.h. Orkustofnunar

  
Guðmundur I. Bergþórsson

  
Hanna Björg Konráðsdóttir

*Afrit sent til: N1 Rafmagn ehf.*

*Fylgiskjöl: Erindi til Neytendastofu*